

SPORI

10 ára afmælisblað Björgunarsveitar Hafnarfjarðar
1. tbl. 2010

www.spori.is



Upplýsingar um flugeldasölu á miðopnu

www.spori.is



Fast þeir sækja sjóinn!

Við bjóðum öll veiðarfæri og tengdan búnað fyrir togveiði, línu- og netaveiði og björgunarvörur. Einnig hífi- og festingabúnað og ýmsar rekstrarvörur.

Starfsstöðvar Ísfells og Ísnets:

- Ísnet Akureyri - Fiskitangi
- Ísfell / Ísnet Hafnarfjörður - Óseyrarbraut 28
- Ísnet Húsavík - Barðahúsi
- Ísnet Sauðárkrúkur - Háeyri 1
- Ísnet Vestmannaeyjar - Flötum 19
- Ísnet Þorlákshöfn - Óseyrarbraut 28



ÍSFELL

www.isfell.is

Ísnet

Ísfell ehf • Óseyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími 5200 500 • isfell@isfell.is



CREDITINFO

FRAMSÆKIÐ OG LEIÐANDI FÉLAG Í MIÐLUN
FJÁRHAGS- OG FJÖLMÍÐLAUPPLÝSINGA

www.creditinfo.is

Jólaveisla Fjörúkráarinnar



Jólahlaðborð
og sérréttamatsefyll

Nánari upplýsingar í síma 565-1213
www.fjorukrain.is

Fjörúkráin og Hótel Víking
óskar öllum
gleðilegra jóla
og farsæls komandi ár!



Skatan

Minnum á vinsæla skötu- og jólahlaðborðið
miðvikudag 22. des. og líka allan daginn á Þorláksmessu



Við dreifum til þín

Pósthúsið dreifir Fréttablaðinu, tímaritum, bréfum, bæklingum, fjölpósti, almennum bréfum og sendingum.

Þarft þú að láta dreifa fyrir þig?

Hafðu samband við sölufulltrúa okkar í síma 585 8300 eða 585 8330, við tökum vel á móti þér.



Við látum það berast

Pósthúsið | Suðurhraun 1 | S: 585 8300 | www.posthusid.is

Efnisyfirlit

Ný nálgun á sterkum grunni!.....	4
Mikilvægur þáttur í sögu bæjarins.....	4
Saga sveitarinnar í 10 ár.....	6
Eldgos í Eyjafjallajökli.....	10
Flugeldamarkaðir BSH.....	16
Myndasamkeppni.....	19
Bjart framundan.....	20
Útköll síðustu 10 ár!.....	22
Útköll á árinu 2010.....	25
Hamfarir á Haiti.....	26
Svipmyndir úr starfinu.....	30

Spori

Útgefandi

Björgunarsveit Hafnarfjarðar

Ábyrgðarmaður

Harpa Kolbeinsdóttir

Ritstjórn

Harpa Kolbeinsdóttir

Smári Guðnason

Elíza Lífdís Óskarsdóttir

Ragnheiður Guðjónsdóttir

Þórdís Árnadóttir

Nanna Guðrún Bjarnadóttir

Ljósmyndir

Félagar í Björgunarsveit Hafnarfjarðar

Guðni Gíslason

Vilhelm Gunnarsson

Forsíðumynd

Örvar Atli Þorgeirsson

Umbrot

Smári Guðnason - smari@gudnason.is

Upplag

9.500 eintök

Dreift í öll hús í Hafnarfirði

Prentun

Prentsmiðjan Steinmark



Ný nálgun á sterkum grunni!

Já það eru tíu ár síðan! Tíu ár frá því að við tókum það gæfuspör að sameina tvær af öflugustu björgunar/hjálpar-sveitum landsins hér í Firðinum.

Saga okkar er löng og markast af áræðni þeirra er fyrir fóru og viljanum til að styðja við samfélagið okkar með sem bestum hætti.

Þau eru ófá handtökin sem forverar okkar létu af hendi rakna við uppbyggingu sveitanna og því var það ekki sjálfgefið á sínum tíma að sameina sveitirnar!

Margir eldri félagar báru blendnar tilfinningar við þann merka áfanga að sameina sveitirnar um aldamótaárið. Þeir horfðu á eftir því sem þeir höfðu áður skapað og tilfinningarnar voru sannarlega réttmætar enda mikið sem lá undir. Verkefni okkar sem að sameiningunni stóðum var að binda hnúttinn, gera tvær sveitir að einni. Byggja á því frábæra starfi sem unnið hafði verið og skapa nýja og sterkari heild.

Nú þegar fyrsti tugurinn er fylltur þá stöndum við samhent með verkefnið klárt í höndum okkar.

Við höfum sett okkur markmið að vera í forystu á þeim sviðum sem við vinnum á og við tókum okkar hlutverk mjög alvarlega. Uppbygging sveitarinnar heldur áfram og við munum áfram leita nýrra leiða til þess að endurnýja okkur og fóta þann veg sem okkur er markaður.

Það er ekki sjálfgefið að njóta trausts. Við höfum notið mikils stuðnings Hafnirfirdinga og þann stuðning metum við mikils og lítum á hann sem traustsyfirlýsingu bæjarbúa sem og sveitarfélagsins á okkar starfi. En við munum halda áfram, okkar markmið er að byggja upp og halda við farsælu björgunarstarfi í bænum. Framtíðin er björt því unglíng- og nýliðastarfið okkar hefur sjaldan verið blómlegra en einmitt nú.



Við erum ánægð með árin tíu en það er nóg eftir og við munum leitast við að þróast með samfélaginu eins mikið og kostur er, okkar hlutverk er stórt og munum við sinna því áfram af metnaði.

Með kveðju og þökkum fyrir stuðning og samstarf.

*Júlíus Þór Gunnarsson
formaður Björgunarsveitar Hafnarfjarðar*

Björgunarsveit Hafnarfjarðar - Mikilvægur þáttur í sögu bæjarins



Hafnarfjarðarbær á sér langa og merkilega sögu, en bærinn fékk kaupstaðarréttindi 1. júní 1908. Þá bjuggu í Hafnarfirði um 1400 manns, harðduglegt og félagslynt fólk. Fjöl-mörg félög voru stofnuð á þessum árum, ungmennafélög, verkalyðsfélög og málfundafélög. Nokkrir ungir strákar stofnuðu með sér skátafélag snemma

árs 1925 og á næstu árum tóku skátar í bænum þátt í hinum ýmsu björgunar- og hjálparstörfum innanbæjar sem utan.

Í janúar 1951 var Hjálparveit skáta í Hafnarfirði stofnuð og fagnar félagið því 60 ára samfelldri sögu um þessar mundir. Árið 1966 var björgunarsveit stofnuð innan Slysavarnardeildar Fiskakletts og árið 2000 sameinuðust sveitirnar undir merki Björgunarsveitar Hafnarfjarðar. Við sameininguna varð til ein öflugasta björgunarsveit landsins.

Ég kynntist starfi beggja forvera Björgunarsveitarinnar. Sem barn og unglíngur tók ég virkan þátt í starfi skátafélagsins Hraunbúa og þar var Hjálparveitin ákveðin þungamiðja og burðarás. Ég var heimagangur á heimili Alberts Kristinssonar á Rafveitunni, en hann var virkur í hjálparveitinni og gegnum hann kynntist ég því starfinu einnig. Á níunda áratugnum, áður en ég fór til Bretlands í nám,

var ég um nokkurra ára skeið félagi í Slysavarnadeildinni Fiskakletti og kynntist þar með starfi þeirrar sveitar af eigin raun, m.a. undir handleiðslu Einars heitins Sigurjónssonar. Bein kynni mín af þessum fyrirrennum Björgunarsveitarinnar hafa áhrif á álit mitt á starfinu, því ég veit að núverandi forystumenn Björgunarsveitarinnar starfa eftir nákvæmlega sömu grundvallarreglunum og brautryðjendurnir.

Saga félagsins er merkileg saga brautryðjenda sem markað hafa mikilvæg spor í sögu bæjarins. Björgunarsveit Hafnarfjarðar er ómissandi hlekkur í bæjarlífinu og mikilvægur þáttur í almannavarnakerfinu.

Við hjá Hafnarfjarðarbæ óskum Björgunarsveit Hafnarfjarðar til hamingju með 10 ára afmælið og óskum sveitinni velfarnaðar í störfum sínum.

Guðmundur Rúnar Árnason



SCARPA®

NESSUN LUOGO E' LONTANO™

GAKKTU ALLA LEIÐ MEÐ OKKUR!



Rjúpan ofl.



Gönguhöpurinn



Fjallahlaupin



Alparnir



Baejarnöltið



Leikskólinn



Ísklifrið



Frelsið



Helv.... vinnan



við erum á [facebook](#)

www.fjallakofinn.is

FJALLAKOFINN

Reykjavíkurvegi 64 • Hafnarfirði • sími 510 9505

Eigandi: Halldór Hreinsson



Björgunarsveit Hafnarfjarðar

Saga sveitarinnar í 10 ár

Björgunarsveit Hafnarfjarðar á sér rætur, annars vegar í sögu Hjálparsveitar skáta í Hafnarfirði og hins vegar í sögu Björgunarsveitar Fiskakletts en þessar tvær sveitir sameinuðust í Björgunarsveit Hafnarfjarðar árið 2000.

Hjálparsveit skáta

Fyrir daga hjálparsveitanna tíðkaðist að leita til skátafélaga þegar lögreglan eða aðrir þurftu á aðstoð að halda við minniháttar leitar- og björgunarskörf. Vatt þessi starfsemi skátanna smám saman uppá sig og varð umfangsmeiri. 18 félagar í Skátafélaginu Hraunbúum í Hafnarfirði ákváðu að stofna, 19. janúar 1951, sérstaka deild innan skátafélagsins, deild sem kölluð var Hjálpar- og róverflokkur skáta í Hafnarfirði. Aðdragandann að stofnun félagsins má rekja til verkefnis sem nokkrir skátar úr Hraunbúum tóku þátt í haustið 1950 en það var leit að flugvélinni Geysi. Þegar Skymasterflugvél Geysir, önnur millilandaflugvél Loftleiða, týndist á leið til landsins frá Evrópu í september 1950 var líkt og oft áður leitað til skátahópa til

að aðstoða við leitina. Átti flugvélín eftir um 45 mínútna flug til Vestmannaeyja þegar síðast heyrðist til hennar og hófst þegar umfangsmikil leit um allt Suður- og Suðausturland, bæði með flugvélum og leitarflokkum á landi. Fjörum dögum síðar fannst vélín á Vatnajökli og var áhöfnin öll heil á húfi. Strax á heimleið úr þessum leiðangri var grunnurinn lagður að stofnun Hjálparsveitar skáta í Hafnarfirði. Á stofnfundinum var

Guðjón Sigurjónsson kjörinn foringi, Jón Guðjónsson aðstoðarforingi, Bragi Guðmundsson ritari og Gunnar Bjarnason gjaldkeri. Allir stofnfélagar sveitarinnar voru karlmenn en strax árið 1953 var samþykkt á aðalfundi að heimila stúlkum inngöngu og varð þá Hjálparsveit skáta í Hafnarfirði fyrsta björgunar- og hjálparsveit landsins sem hafði félagsmenn af báðum kynjum.



Björn Pétursson
Forstöðumaður Bygga-
safns Hafnarfjarðar

Mynir: BSH / Önnar Atli Þorgeirsson



Frá Björgunarleikum í Reykjanesbæ árið 2007

Starfið var erfitt á þessum árum einkum vegna þess hve flókið var að afla búnaðar og tækja fyrir starfsemina á haftárunum. Sem dæmi má nefna að þegar sveitin var búin að láta hana og sauma merki þurfti að sækja bæði um gjaldeyrisleyfi og innflutningsleyfi til að hægt væri að fá þau frá Þýskalandi. Fyrsti bíll sveitarinnar var Weapon sem varnarliðið á Keflavíkurlugvelli gaf en í tvígang áður hafði sveitin afþakkað bilagjöf frá varnarliðinu vegna lélegs ástands bílanna. Það var svo þrautin þyngri að þiggja gjöfina þar sem bæði Utanríkisráðuneytið og varnarmálanefnd lögðust hart gegn samskiptum sem þessum. Á næstu árum fjölgaði félagsmönnum og sveitin styrktist auk



Sleðaflokkur á ferð við Strútslaug

stálgrindarhús, sunnan við skátahúsið, en þegar því var lokið var hún fyrsta björgunarsveit landsins til að byggja húsnæði yfir starfsemi sína. Ýmsum brögðum var beitt við öflun búnaðar og til dæmis var sendur 25 manna flokkur til Skotlands árið 1967 til að sækja búnað sem félagsmenn höfðu pantað, var þar um að ræða gönguskó, bakpoka, mannbrodna, ísaxir, sigbúnað og svo framvegis. Sökum gengisfellingar og himinhárra tolla var ekki hægt að panta þetta og láta flytja inn og var flokkurinn því sendur til að ná í pöntunina og koma með búnaðinn heim sem farangur. Þetta gekk eftir og varð sveitin í kjölfarið ein best búna björgunarsveit landsins.

Björgunarsveit Fiskakletts

Árið 1928 var stofnuð slysavarnardeild í Hafnarfirði sem bar nafnið Fiskaklettur. Slysavarnardeildum sem stofnaðar voru um allt land, var ætlað að starfa almennt að slysavarnarmálum en það tíðkaðist víða að stofnaðar voru björgunarsveitir innan deildanna. Það var hins vegar ekki fyrr en árið 1966 sem Björgunarsveit Fiskakletts var stofnuð. Fyrst um sinn var sveitin með aðstöðu í skýli sem kvennadeildin Hraunprýði átti en fljótlega varð það of lítið og fluttist þá starfsemin í verslunarhúsnæði sem

áður hafði staðið á horni Reykjavíkurveggar og Hverfisgötu en var flutt á lóð Lýsis og Mjöls á Rauðólfsnefi. Þar hafði sveitin aðsetur í rúman áratug uns hún fluttist í nýtt húsnæði við Hjallahraun. Fyrstu bifreiðina keyptu Fiskaklettsmenn strax á fyrsta ári, Dodge Wepon 13



Úr óveðursútkalli í byrjun árs 2010

ára gamlan og illa farinn en hann var endursmíðaður af félagsmönnum og sinnti sínu hlutverki bæði lengi og vel. Fiskaklettsmenn lögðu strax frá upphafi



Björgunarskipið Einar Sigurjónsson

þess sem hún þróaðist frá skátafélaginu Hraunbúum og varð algerlega sjálfstæð þó alltaf hafi verið sterk bönd á milli. Annar stór áfangi í sögu Hjálpar-sveitar Skáta í Hafnarfirði var á árunum 1967-71 þegar ráðist var í að byggja



Frá Hálandisvakt Landsbjargar árið 2007

mikla áherslu á sjöbjörgunarflokk og árið 1985 eignaðist sveitin aðstoðu í verbúðunum við Flensborgarhöfn. Sú aðstaða varð þó fljótlega ófullnægjandi og árið 1992 flutti sjöflokkurinn í Bjarnabúð, nýtt og glæsilegt húsnæði í Fornubúðum.

Þessari hröðu og farsælu uppbyggingu Björgunarsveitar Fiskakletts má ef til vill þakka því hve snemma sveitin datt niður á gjöfula fjáröflunarleið sem tryggði fjárhag sveitarinnar en það var flugeldasalan. Upphaflega var hún heldur fornfáleg en þá var gengið í hús og tekið við pöntunum af stóru spjaldi með sýnishornum. Salan þróaðist með árunum uns 1978 var ákveðið að sveitin stæði sjálf að innflutningi flugeldanna. Þetta var gert í samvinnu við Kyndil í Mosfellsbæ, Þorbjörn í Grindavík og Sigurvon í Sandgerði. Þessar fjórar sveitir stofnuðu saman fyrirtækið SVD-flugelda sem seldi hátt í 100 smásöluaðilum víða um land flugelda en síðar var fyrirtækið selt til Slysavarnarfélagsins Landsbjargar sem nú sér um innflutning og dreifingu á flugeldum til björgunarsveitanna. Önnur fjáröflunarleið sem lengi hefur verið stunduð af félagsmönnum Björgunarsveitar Fiskakletts er eggjataka í Krýsuvíkurbjargi en Hafnarfjarðarbær gaf sveitinni allan nýtingarrétt á bjarginu árið 1979.

Eftir að barnskónum var slitið varð töluverð breyting á starfi hjálpar- og björgunarsveita á niunda áratugnum þar sem allt starf varð faglegra og skipulagðara og þá sérstaklega með tilkomu landsstjórnar og svæðisstjórna.



Undanfarar við björgun í Krýsuvíkurbjargi

Björgunarsveit Hafnarfjarðar

Með sameiningu Slysavarnarfélags Íslands og Landsbjargar, landssambands björgunarsveita í Slysavarnarfélagið Landsbjörg árið 1999 var búið að opna leið að sameiningu Hjálparveitar skáta í Hafnarfirði sem áður tilheyrði Landsbjörg og Björgunarsveitar Fiskakletts sem áður tilheyrði Slysavarnarfélaginu. Sameiningarviðræðurnar hófust í október 1999 og var stofnfundur Björgunarsveitar Hafnarfjarðar haldin tæpum fimm mánuðum síðar. Við sameininguna varð til mjög öflug björgunarsveit með 60-70 virka félagsmenn, sveit sem hafði yfir miklum og góðum búnaði að ráða. Frá Björgunarsveit Fiskakletts komu tveir

björgunarbátar, tveir bílar, öflugur undanfarahópur og landflokkur en frá Hjálparveit skáta komu þrjú bílar, snjóbill, fjallabjörgunarahópur, landflokkur og mjög öflugur skyndihjálparhópur. Sameinuð björgunarsveit fékk gömlu slökkvistöð Hafnarfjarðar við Flatahraun árið 2002 undir starfseminna en það húsnæði er þó einungis til bráðabirgða þar sem hafin er vinna við byggingu nýs húsnæðis fyrir sveitina.

Stórum áfanga í uppbyggingu sveitarinnar var náð í maí 2004 þegar björgunarskip og björgunarbátur Björgunarsveitar Hafnarfjarðar voru vígð. Var annars vegar um að ræða Arun Class björgunarskip sem hlaut nafnið Einar Sigurjónsson og hins vegar Seaworthy björgunarbát er hlaut nafnið Fiskaklettur.

Frá stofnun Björgunarsveitar Hafnarfjarðar hefur margt á daga hennar drifið. Útköll hafa verið af ýmsum toga, eins og gengur, en fyrsta útkall sveitarinnar var strax daginn eftir stofnun eða sunnudaginn 27. febrúar. Þann dag skall á nokkuð óvænt, en þó í samræmi við veðurspár morgunsins, mikið óveður á Suður- og Suðvesturlandi. Á þessum tíma stóð yfir eldgos í Heklu og höfðu margir gert sér ferð austur fyrir fjall til að sjá gosið en urðu síðar að þiggja aðstoð björgunarsveita þar sem bæði Hellisheiðin og Þrengslin lokuðust vegna snjóþunga en talið er að um 1500 manns hafi setið fastir í snjó og skafrenningi í Þrengslunum þennan dag og fram undir mánudagsmorgun. Þarna kemur Björgunarsveit Hafnarfjarðar í fyrsta sinn til aðstoðar undir því nafni



Frá undirskrift viljayfirlýsingar Hafnarfjarðarbæjar við björgunarsveitina og kvennadeildina.

Mynd: Guðni Gísláson

þó meðlimirnir væru að sjálfsögðu þrautþjálfaðir og með mikla og langa reynslu. Síðan þá hafa útköllin verið allt að sextíu á ári eða rúmlega eitt á viku. Dæmi um útköll sem sveitin hefur sinnt eru leit í nóvember 2003 af þremur vélsleðamönnum á Langjökli. Björgunarsveit Hafnarfjarðar sendi þá fimm bíla á vettvang og fengu fjórir þeirra það verkefni að fara upp á jökulinn austanmegin, frá Bragarbót, og aka á móti þeirri leið sem vélsleðamennirnir höfðu ætlað sér að fara. Einn bíll fór á jökulinn frá Húsafelli og var ætlað að aka sömu leið og mennirnir. Morguninn eftir var vélsleðaflokkur sendur á jökulinn til að taka þátt í leitinni en þá hafði veður og skyggni skánað til mikilla muna. Skemmst er frá því að segja að mennirnir þrír fundust heilir á húfi og var bjargað niður af jöklinum. Í febrúar 2004 fóru 14 björgunarsveitamenn á Helgafell til að aðstoða tvo unglingspíla sem höfðu lent í sjálfheltu í klettabelti efsti í fjallinu. Var sigið með þá niður um eina 70–80 metra á öruggt svæði neðan beltisins og varð þeim ekki meint af þó illa búinir væru. Í nóvember 2006 var sveitin kölluð út vegna ofsaveðurs sem gekk yfir landið. Margvísleg verkefni glímdu félagsmenn við þann daginn, þakplötur fuku, steypumót við nýbyggingar fóru af stað, garðhýsi tókst á loft og rúður brotnuðu en stærsta verkefnið var björgun tveggja skipa sem slitnuðu upp í höfninni og strönduðu á sandbakka innst við Flensborgarhöfn. Þetta var annars vegar grænlenstur togari og hins vegar línubátur sem bundinn hafði verið utan á togarann. Tveir dráttarbátar frá Hafnarfjarðarhöfn auk björgunarbátsins Fiskakletts og björgunarskipisins Einar Sigurjónssonar tókst að draga bæði togarann og bátinn á flot og binda við bryggju án teljandi skemmda á þeim. Við þetta verk unnu um 20 manns frá Björgunarsveitinni.

Mynd: BSH / Óvarr Atli Þorgeirsson



Fríður hópur úr Björgunarsveit Hafnarfjarðar á toppi Hvannadalshnúks

Í september 2007 var köfunarhópur sveitarinnar kallaður út vegna slyss sem hafði orðið í Soginu. Fjórir kafarar auk aðstoðarmanna og báts, jeppa og fjórhjóls tóku þátt í því verkefni. Í ágúst 2008 var sporhundahópur sveitarinnar kallaður út í leit að hollenskum ferðamanni sem villst hafði af leið á hálendinu. Björgunarsveitamenn hófu leit með hundunum í Landmannalaugum og það tók ekki nema þrjá tíma að finna manninn sem að vonum var björgunarmönnum og hundi þakklátur enda orðinn kaldur og þrekaður. Þessi fáu dæmi um útköll Björgunarsveitar Hafnarfjarðar varpa nokkru ljósi á það

óeingjarna starf sem þar er unnið og margbreytileika starfseminnar. Hvort sem þörfin er uppi á hálendi, í upplandi bæjarins, innanbæjar eða úti á sjó, er sveitin ávallt til reiðu með mannskap, tækjum eða hundum.

Húsnæðismál sveitarinnar tóku ákveðna stefnu árið 2006 en þá var undirrituð viljayfirlýsing á milli Hafnarfjarðarbæjar, Björgunarsveitarinnar og Slysavarnardeildarinnar Hraunprýði. Með undirritun þessari var þeirri óvissu eytt sem undanfarin misseri hafði verið um húsnæðismál sveitarinnar. Strax hófst hönnunarvinna og undirbúningur en það var svo í febrúar 2007 sem Lúðvík Geirsson, þáverandi bæjarstjóri Hafnarfjarðar, tók fyrstu skóflustungu að nýrri björgunarmiðstöð sem rísa á við Hvaleyrarbraut 32. Fyrirhuguð bygging er um 2000 m² á tveimur hæðum og verður sérhönnuð fyrir starfsemi Björgunarsveitarinnar á sjó og landi en með byggingu þessari kemst nánast öll starfsemi sveitarinnar undir sama þak. Framkvæmdir við bygginguna eru í fullum gangi og er stefnt að því að taka björgunarmiðstöðina í gagníð um mitt ár 2012.

Í dag er Björgunarsveit Hafnarfjarðar ein öflugasta og best búna björgunarsveit landsins með um það bil 300 meðlimi á félagsskrá, fimmtíu virka björgunarmenn og góðan tækjabúnað.

Mynd: BSH / Þorólfur Kristjánsson




Undanfarar á Fimmvörðuhálsi



Björn Oddsson,
jarðfræðingur og félagi í
Björgunarsveit Hafnarfjarðar.

Eldgos í Eyjafjallajökli

Hlutverk björgunarsveita



Appelsínugula svæðið er rekkbeltið sem sker Ísland. Innan þess eru eldvirk svæði á Íslandi, oftast tengd megineldstöðvum og sprungusveimum tengd þeim

Almennt um eldgos

Eldvirkni á Íslandi er bundin við virk eldgosabelti sem eru annars vegar tengd landreki (gliðnun Atlantshafsins) og hins vegar heitum reiti þar sem heit kvika streymir úr iðrum jarðar. Þetta eru Reykjanes-, Vestur-, Norður- og Austurgosbeltin. Auk þess eru virk svæði sem tengjast Öræfajökli og Snæfellsnesi. Innan gosbelta eru 30 eldstöðvakerfi sem samanstanda af megineldstöðvum og sprungusveimum. Á söguöld hefur gosið yfir 200 sinnum og þar af 80% innan Austurgosbeltisins þar sem Grímsvötn, Bárðabunga, Hekla og Katla eru.

Eldgosum má skipta í flæðigos og sprengigos. Í flæðigosum er afurðin að mestu hraun sem flæðir og lítið af föstum gosefnum berast út í andrúmsloftið. Afurðir sprengigosa eru hins vegar að mestum hluta gjóska sem verður til vegna tætingu kvikunnar og berst upp

í andrúmsloftið með risandi gosmekki. Sprengigosum er síðan skipt í tvennt eftir eiginleikum sprengivirkinnar. Annars vegar er talað um blaut gos þar sem utanaðkomandi vatn er allsráðandi þáttur í tætingunni (t.d. gos undir jöklum) og hins vegar þurr gos þar sem sprengivirkni verður vegna uppleystra gasa í kvikunni (súr gos). Eldgos þar sem afurðirnar samanstanda bæði af gjósku og hrauni kallast blandgos.

Eldgos á Fimmvörðuhálsi

Fyrstu fregnir bárust að kvöldi 20. mars af eldi ofan Eyjafjalla. Fyrstu viðbrögð voru að rýma hættusvæði skv. áætlunum Almannafræðis og að finna út nákvæma staðsetningu eldgossins. Út frá staðsetningu þess og eðli eru teknar ákvarðanir um framhald viðbragðsáætlana. Eldgosið á Fimmvörðuhálsi var á besta mögulega stað sem völ er á. Staðurinn er á milli tveggja jökla (Eyjafjalla- og Mýrdalsjökli) sem lágmarkar flóðahættu og líkur á sprengigosi og staðsett þar sem land hallar til norðurs frá byggð. Að þessum upplýsingum gefnum var rýmingu aflétt og aðgengi almennings að eldgosinu leyft, þó með nokkrum fyrirvörum um að halda ákveðinni fjarlægð frá gosstöðvunum.

Nauðsynlegt er að fylgjast með framþróun eldgosa og skrá atburðarásina jafnóðum með tilliti til öryggis og vísinda. Gosvirkni þróast með tímanum, kraftur gosa er breytilegur og nýjar gossprungur geta opnast. Því er mikilvægt að jarðvísindamenn og viðbragðsaðilar fylgist vel með gosum frá degi til dags, bæði til þess að bæta upplýsingum í vísindabankann og vera Almannafræðis innan handar vegna upplýsinga sem snerta ferðamenn og íbúa á nærliggjandi svæðum.

Ég starfa hjá Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands og er virkur meðlimur í Björgunarsveit Hafnarfjarðar. Sú þjálfun sem ég hef fengið í starfi björgunarsveitarinnar og reynsla síðustu tíu ára nýttist mér gríðarlega vel við vinnu mína sem fólst í eftirliti með gosstöðvunum og aðstoð við aðra vísindamenn.

Úti í mörkininni tengdist ég samskiptaneti Landsbjargar í gegnum VHF og TETRA fjarskiptakerfin og gat miðlað upplýsingum á milli stjórnenda og björgunarsveitamanna sem gættu almennings við gosstöðvarnar. Auk þess var ég inni á ferilvöktunarkerfi björgunarsveitanna og vissi þannig að félagar mínir fylgdust vel með mér og kæmu til hjálpar ef til vandræða kæmi.

Eldgosið á Fimmvörðuhálsi var lítið, basískt flæðigos þar sem mestur hluti kvikunnar rann sem hraun og skapaði lítil sem engin vandræði í háloftunum eða nærliggjandi bæjum. Fólk gat nálgast gosstöðvarnar með varúð og notið fallegrar náttúrusýningar móður jarðar. Hins vegar ber alltaf að bera virðingu fyrir slíkum atburðum og oft leynast hætturnar þar sem þú átt syst von á þeim. Virðingaleysi fyrir náttúruöflunum getur haft í för með sér hræðilegar afleiðingar. Hraunjaðrar geta brostið, kvikubrot þeytast oft langar leiðir, undanfarar gufusprengringar fara leynt og gös setjast í lægðir.

Björgunarsveitir Landsbjargar komu viðs vegar af landinu og sinnu margvíslegum verkefnum á Fimmvörðuhálsi og voru um 60 björgunarsveitamenn á svæðinu þegar mest var. Fyrir utan hætturnar sem stöfuðu frá eldgosinu þá var eitt mikilvægasta verkefnið að koma illa klæddu og uppgefnu fólki til hjálpar og aðstoða ferðalanga á vanbúnum farartækjum sem lögðu upp í skoðunarferðir án fullnægjandi undirbúnings. Sem betur fer gekk verkefnið stórslysalaust og spilaði gott veður stóran þátt í því. Ef skolið hefði á blindstormur þegar mesta umferðin var, þá hefði ekki þurft að spyrja að leikslökum.

Mynd: BSH / Björn Ódósson



Gosmökkurinn



Gosmökkurinn séður úr lofti

Eldgos í Eyjafjallajökli

Allt var með kyrrum kjörum og grafarþögn við gosstöðvarnar á Fimmvörðuhálsi 12. apríl. Eldgosinu á hálsinum var lokið en aðfaranótt 14. apríl hófst skjálftahrina sem endaði með enn stærri atburði.

Snemma morguns 14. apríl var allt komið á fullt, eldgos var hafið í toppgígnum á Eyjafjallajökli.

Hættusvæði voru rýmd á ný og önnur aðgerðarlota hafinn. Flugvél Landhelgisgæslunnar, TF-SIF, fór í loftið og var fylgst með upphafi umbrotanna úr lofti. Eldsumbrotin voru til allrar lukku innan toppöskjunnar sem þýddi að allt hlaupvatnið færi niður Gígjökul og ógnaði því ekki íbúum undir Eyjafjöllum. Svæðið við Markarfljótsaura var rýmt og fylgst var með frekari framvindu gossins.

Strax frá upphafi var ljóst að hér var við allt annað að etja en flæðigosið á Fimmvörðuhálsi. Við gos undir jökli kemst kvikan í snertingu við vatn sem veldur því að kröftugt ferli sprenginga fer af stað líkt og þegar vatni er hellt á heita olíu. Kvikan sundrast því að mestu og berst upp í andrúmsloftið með heitum, rísandi gosmekki. Fólki var því ekki hleypt að gosstöðvunum og stórt svæði í kringum jökulinn lokað almennri umferð. Eftirlit vísindamanna með breytingum á gosstöðvunum fór að mestu fram úr lofti með örfáum undantekningum þar sem nauðsynlegt var að komast í hliðar Eyjafjallajökuls til sýnatöku.

Þrjú tímabil

Skipta má eldgosinu í Eyjafjallajökli í þrjú tímabil eftir breytileika í gosvirkni.

Í fyrstu var sprengivirkni allsráðandi þar sem bræðsluvatn átti greiða leið að kvikunni. Það olli því að kvikunni var að mestu sundrað og öflugur gosmökkur reis upp með tilheyrandi gjóskufalli í nærsveitum. Þetta stóð yfir fyrstu vikuna á meðan gosið bræddi sér leið í gengum jökulinn og náði gjóskufallið hámarki 17. apríl.


Sprengivirkni var í lágmarki í kringum 20. apríl og má áætla að hraun hafi farið að renna um svipað leyti. Það fór síðan að bræða sér leið niður Gígjökul næstu daga og var mesta framrás hraunsins um mánaðamótin apríl-maí, uns það staðnæmdist 4. maí. Á þessu tímabili



Björn Oddsson, jarðfræðingur, virðir fyrir sér ummerki eldgossins.

Mynd: Snaevarr Guðmundsson

Mynd: BSH / Björn Oddsson



Hitamyndir teknar úr flugvél Landhelgisgæslunnar, TF-Sif

var gjóskufall í lágmarki og ónæði því fylgjandi lítið. Á þessu tímabili var gosið blandgoss.

Sprengivirknin fór vaxandi í byrjun maí og náði hámarki um svipað leyti og hraunið hætti að renna. Þá var sprengivirknin aftur orðin ríkjandi og var svo þar til eldgosinu lauk 20 maí. Sprengivirknin í maí var af öðrum toga heldur en í upphafi goss. Nú átti bræðsluvatn ekki eins greiða leið að kvikunni og stjórnadist kraftur sprengivirkinnar aðallega af efniseiginleikum kvikunnar og aðstæðum í gosrásinni. Þetta hafi í för með sér að askan var mun grófari.

Hættur sem fylgja eldgosum

Að rýmingu fráaldri, sinntu björgunarsveitir Landsbjargar einu stærsta gæsluverkefni sem kom upp vegna eldgossins á Fimmvörðuhálsi. Verkefnið var tvíþætt; annars vegar að koma upplýsingum til fólks um hættur og aðgengi að gosstöðvum og hins vegar að vera almenningi innan handar vegna óhappa og veðurs. Verkefnið gekk ótrúlega vel og engin stórslys urðu.

Fimmvörðuháls

Hættur á Fimmvörðuhálsi tengdust annars vegar hraunrennslinu og hins vegar eldsúlum sem stóðu lárétt upp úr gossprungunum og báru með sér kvikubrot sem köstuðust til allra átta. Þegar hraun rennur, þá kólnar yfirborð þess og jaðar fljótt, en innan í því leynist hár hiti (1150°C). Hraunjaðar sem skriður fram er afar óstöðugur og getur brostið hvenær sem er. Einnig var töluvert um gufusprengingar þar sem kvikan komst í snertingu við vatn þar sem hún rann yfir snjó og ís. Skynsamlegast er því að halda sig í töluverðri fjarlægð frá hraunflauminum. Á tíunda degi eldgossins var búist við miklum straumi ferðamanna auk þess sem daginn áður hafði ný gossprunga opnast og svæðið rýmt í kjölfar þess. Var þá fólki bent á tvo útsýnisstaði þar sem hægt var að fylgjast með eldgosinu á öruggum stað.

Þessir staðir voru auglýstir í fjölmiðlum og nokkru áður hafði Landsbjörg gefið út örugga leið að gosstöðvunum. Þetta gaf góða raun og veitti ferðamönnum gott öryggi.

Eyjafjallajökull

Fyrsta verkefnið var að rýma þau svæði sem eru í hættu vegna jökulhlaupa og setja upp lokunarpósta inn á hættusvæðið. Þegar dró úr hættum á jökulhlaupum var hættusvæðið minnkað og settir upp lokunarpóstar inn á það. Eldgosið var annars eðlis en eldgosið á Fimmvörðuhálsi og því var svæðið lokað ferðamönnum á meðan á því stóð. Því þurfti ekki eins víðtæka gæslu og í Fimmvörðuhálsgosinu.

Verkefni björgunarveitarmanna snérust aðallega um að aðstoða heimamenn og vinna að hreinsunarstörfum vegna gjóskufalls. Þórsmerkurleið var lokað vegna hættu á flóðum niður Gígjökul auk þess sem hraunrennsli niður jökulinn fylgdu ýmsar hættur. Einnig hafði vegurinn rofnað á stórum kafla og leiðin því ótrygg.

Niðurlag

Þegar stóratburðir sem þessir eiga sér stað þá þurfa margir að leggja hönd á plóg og víða þarf að leita ráða. Verkefnið stóð samfellt yfir í tvo mánuði og reyndi mikið á mannskapinn. Ég var aðeins lítill hlekkur í stórrí keðju viðbragðsaðila þar sem að sjálfbodaliðar og fagaðilar tóku höndum saman og leystu þau verkefni sem upp komu af stakri þryði. Vonandi þurfum við ekki að takast á við slík verkefni í bráð, en ef til þess kemur, getum við verið þess fullviss um að því verður mætt af fullum þunga með fagmennsku í fararbroddi.

Víti til varnaðar

Athugið
Skottertur eru með öruggustu flugeldum á markaðnum en mjög hættulegt getur verið að taka þær í sundur eða nota þær á annan hátt en leiðbeiningar segja til um.
Eigum slysalaus áramót.

**SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
 LANDBJÖRG**

Vegna fjölda slysa á 8-18 ára börnum er foreldrum bent á að fylgjast vel með og benda þeim á þessar hættur.

Flottir Fjölskyldur

Fjölskyldupakkarnir okkar eru meðal vinsælustu flugeldanna sem við seljum allt það sem fjölskyldan þarf til að sjá um flotta sýningu. Þú getur valið úr

5 TRÖLLI

Eins og nafnið gefur til kynna þá er þessi tröllslega vaxinn og innihaldið eftir því. Ekki koma á smábíl ef þú ætlar að kaupa einn svona!

4 TRAUSTI

Þessi er alltaf traustur. Fullur af alls konar flugeldagóðgæti. Þú missir ekki af neinu með þessum dündurpakka.

3 TROÐNI

Troðni hefur lengi verið með vinsælustu fjölskyldupökkunum. Troðinn af skemmtilegu flugeldadóti.

2 TRALLI

Tralli er hannaður fyrir minni fjölskyldur. Handhægur, með öllu því helsta sem þarf til að taka þátt.

FIMM STÆRÐIR



FLUGELDAMARKAÐIR
BJÖRGUNARSVEITANNA

Fjölskyldupakkar

um. Við höfum sett í einn kassa
fimm ólíkum pökkum.

1 TRÍTILL

Trítill er nýr fjölskyldupakki sem er sérstaklega hannaður með þarfir yngstu fjölskyldumeðlimanna í huga. Í þessum skemmtilega kassa eru aðeins vörur sem börn mega nota. Mikilvægt er þó að fullorðnir stjórni alltaf ferðinni.



Notum alltaf flugeldagleraugu

Sá stærsti!

FULLIR AF FJÖRI



SLYSAVARNAFÉLAGID
LANDSBJÖRG

FLUGELDAR

Björgunarsveita



Fjórður verslunarmiðstöð



Haukahúsið, Ásvöllum



Fornubúðir við smábátahöfnina

Afgreiðslutímar

28. des. kl. 12-22 – 29. des. kl. 10-22

30. des. kl. 10-22 – 31. des. kl. 9-16


FLUGELDAR

Í samstarfi við Rio
miðvikudaginn 29. desemb

MARKAÐIR Hafnarfjarðar



Risaflugeldamarkaður Flatahrauni 14



ASÝNING

Tinto Alcan haldin
þor kl. 20.30 yfir höfninni

Björgum áramótunum!

Troðfullir sölustaðir af frábærum flugeldum

NÝIR ENNBETRI KAPPAR

RISA RAKETTUR

KAKA ÁRSINS ER SVAKALEG!

FRÁBÆRIR FJÓLSKYLDU PAKKAR Í MÖRGUM STÆRÐUM

MAGNAÐIR BARDAGAR!

NÝR KRAKKA TRÍTILL

Flugeldasalan er ein mikilvægasta fjárföllun björgunarsveitanna. Sýnum stuðning í verki!



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

Notum alltaf flugeldagleraugu!



FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA

Myndasamkeppni

skilaðu myndinni á næsta flugeldasöluastað okkar fyrir kl. 22, 30. desember

Í verðlaun eru flugeldar, veitt eru þrenn verðlaun.

Nafn: _____ Aldur: _____ Símanúmer: _____

Bjart framundan

Viðtal við fyrsta nýliðahóp

Björgunarsveitar Hafnarfjarðar

Mynd: BSH / Ragnheiður Guðjónsdóttir



Arnar Þór Ásgrímsson, 27 ára
Landflokkur og sjóflokkur
Áhugasvið innan
björgunarsveitarinnar:
Leit og björgun

Kolbeinn Guðmundsson, 27 ára
Undanfarar og sjóflokkur
Áhugasvið innan
björgunarsveitarinnar:
Fjallamennska, ferðamennska,
skyndihjálp og sjóflokksstarfið.

Grettir Yngvason, 33 ára
Bilaflokkur
Áhugasvið innan
björgunarsveitarinnar:
Að bjarga fólki.

Ásgeir Guðjónsson, 28 ára
Sjóflokkur og undanfarar
Áhugasvið innan
björgunarsveitarinnar:
Fjallamennska, ferðamennska,
köfun og sjóflokksstarfið.

Á fyrsta aðalfundi nýstofnaðrar Björgunarsveitar Hafnarfjarðar, þann 24. mars 2001, skrifaði fyrsti nýliðahópurinn undir eiðstafinn og gekk þar með til liðs við sveitina. Af þessum 14 manns eru 7 enn starfandi og virkir félagar. Fjórir af þeim hittust eitt mánuðagskvöld og rifjuðu upp þessi tíu ár og veltu fyrir sér framtíðinni.

Nýliðastarfið var okkar næsta ævintýri...

Hvað varð til þess að þið ákváðuð að ganga til liðs við Björgunarsveit Hafnarfjarðar?

Arnar: Snjóflóðin fyrir vestan höfðu einhver áhrif, þá kviknaði áhuginn. Þegar ég var 13 ára fór ég svo á klifurnámskeið hjá Björgunarsveitinni Fiskakletti og í framhaldinu í unglingsáttunda... en svo var líka alltaf draumur þegar ég var svona sjö ára að verða björgunarmaður og smiður. Svo þar byrjaði það.

Kolbeinn: Ég ferðaðist mikið í skátunum sem krakki og langaði til að taka það skrefinu lengra. Við vorum að stunda töluverða ferðamennsku, klifur og

fjallamennsku og björgunarsveitin var góður og öruggur staður til að prófa það áfram. **Grettir:** Ég var eiginlega bara þvingaður í þetta af vinum mínum og bróður... ég neyddist eiginlega til þess að byrja að starfa til þess að geta hitt þá eitthvað. En nú eru þeir allir flúnir og ég er einn eftir. **Ásgeir:** Það var nú bara mjög svipað og hjá Kolbeini. Við vorum saman í skátunum og eitt leiddi af öðru. Þetta var eiginlega bara framhaldssaga, okkar næsta ævintýri. Það lá eiginlega bara í augum uppi til að halda áfram því sem við höfðum áhuga á.

Það sem voru tvær sveitir er nú orðin ein heild

Hvað hefur breyst á þessum tíu árum?

Arnar: Starfið hefur farið upp og niður. Það var mikill áhugi þegar við vorum að byrja í þessu, en eftir að við gengum inn dvínaði áhuginn og þá voru að ganga inn svona einn til þrjár á hverju ári, en nú er það svo aftur að snúast við. Svo er það auðvitað búnaðurinn og þekkingin. Þó það séu bara liðin tíu ár þá hefur búnaðurinn breyst mikið, sérstaklega í fjallbjörgunarhlutanum.

Kolbeinn: Yfir heildina hefur fagmennskan aukist mjög mikið. Það er gaman að fá erlenda gesti sem finnst við standa atvinnumönnum framar. **Grettir:** Ég held við séum bara orðnir klárari og betri og fallettri

en gömlu karlarnir. Það eru mun fleiri námskeið í gangi í sambandi við björgun almennt heldur en var hérna áður. **Ásgeir:** Fagmennskan og þjálfun haldast auðvitað í hendur og svo hefur búnaðurinn breyst mikið og mun meiri kröfur gerðar á hann. Sveitin hefur líka stækkað, það er komið björgunarskip og í kjölfarið stækkaði sjóflokkurinn. **Kolbeinn:** Það sem voru tvær sveitir, Björgunarsveitin Fiskakletti og Hjálpsarsveit Skáta í Hafnarfirði, er orðin ein heild sem Björgunarsveit Hafnarfjarðar. **Ásgeir:** Sameiningin gekk samt nokkuð vel. Það voru engar stórar yfirtökur á flokkum. Hjá starfandi kjarna smá þetta þokkalega saman og allt fór fram í vinsemd. **Kolbeinn:** Það var fullt af fólki að starfa fyrir sameiningu sem er ekki að starfa núna og það væri verulega gaman að sjá meira af því. Sérstaklega þegar það fer að hægjast um hjá því og það er búið að ala krakkana sína aðeins upp og hefur meiri tíma. Það væri gaman að sjá það fólk aftur.

Á bláum ljósum með adrenalínið í botni

Hvert er eftirminnilegasta útkallið sem þið hafið farið í?

Arnar: Fyrsta útkallið sem ég man eftir var útkall í Glymsgil þegar við vorum tiltölulega nýgengnir til liðs við sveitina. Þá var stelpa sem lenti í grjóthruni í



Sandra Ósk Snæbjörnsdóttir
félagi í landflokki Björgunarsveitar Hafnarfjarðar

fossasigi og við fórum nokkir héðan. Það var fyrsta útkallið sem ég fór í á bláum ljósum með adrenalínið í botni og ég vissi ekkert hvað beið mín.

Kolbeinn: Það er auðvitað sprungubjörgun á Langjökli í janúar þegar mæðgin féllu í sprungu. Það var miklu erfiðara heldur en fólk gat búist við. Svo er líka eftirminnilegt þegar kona slasaðist í Skessuhorni. Það er sérstaklega eftirminnilegt því það tók mjög langan tíma að komast á staðinn og svo að koma henni niður við mjög erfiðar aðstæður. **Grettir:** Það er alltaf gaman að finna fólk. Til dæmis einu sinni var drengur týndur lengst upp í Grafarvogi og sporhundurinn Píla og félagar fóru að leita að honum. Ég hinsvegar gekk beint í flasið á honum og fór með hann heim... það tók svo heillangan tíma að finna sporhundinn aftur. **Asgeir:** Það eru tvö útköll sem standa uppúr. Það fyrra var þegar við fórum á Seyðisfjörð fyrir nokkrum árum. Þá hafði maður lent milli skips og bryggju og hans hafði verið saknað í fimm daga svo óskað var eftir köfurum. Suðurleiðin var lokuð og norðurleiðin var að lokast og spáð var norðan 25 m/s. Á leiðinni þurftum við að bjarga þremur bílum sem höfðu farið útaf og keyra einn á sjúkrahús. Þegar við komum á Seyðisfjörð sváfum við í þrjá tíma, köfuðum í heildina í 30 mínútur til að finna manninn og svo tók 12-13 tíma að komast heim aftur. Hitt útkallið var sprungubjörgun á Langjökli í janúar. Það var dálítið öðruvísi útkall. Við höfum oft farið í útköll þar sem við höfum þurft að tala við aðstandendur en þetta var öðruvísi því það sló okkur svo hvað við vorum einir þegar við komum á jökulinn. Við vorum fjórir með fimmtán aðstandendum. Svona fyrir utan alla línuvinnuna og björgunina sjálfa.

Úr jólamatnum í jakkafötunum í útkall

Arnar: Ég man líka eftir einu skemmtilegu útkalli sem við Kolbeinn fórum í ásamt Jökli og sporhundinum Pílu. Við mættum uppí hús og brunuðum af stað með sporhundinn og svo vorum við alltaf einu komnir út á flugvöll og okkur Kolbeini hent um borð í flugvél og flogið á Egilsstaði. Þegar við komum á áfangastað var búið að afturkalla útkallið, nema það var ekki pláss fyrir okkur í flugvélinni til baka svo við vorum skildir eftir allslausir. Við hringdum í Landsbjörgu sem tilkynnti okkur að við værum á biðlista fyrir flug heim. Við röltum þá aðeins um flugvöllinn og veltum fyrir okkur hvort við ættum að fá bílaleigubíl og keyra til baka en hittum þá Stöð 2 sem var með þyrlu á staðnum og fengum far með henni.



Mynd: BSH / Arnar Þór Ásgrímsson

Við hringdum í Landsbjörgu þegar við vorum komnir til Reykjavíkur og létum vita að við höfðum reddað okkur fari með þyrlu. Þeir hjá Landsbjörgu komu varla upp orði og eina sem við vorum spurðir að var hvað þetta myndi kosta. Svo er líka mjög eftirminnilegt útkall á aðfangadagskvöld. Þá stóð ég upp frá jólamatnum og hljóp út í jakkafötunum og mætti öllum koma hlaupandi inn í björgunarsveitarhús í sparifötunum. **Asgeir:** Svo fór maður sveittur og ógeðslegur aftur í jakkafötin og beint í eftirrættinn.

Bjart framundan

Hvernig sjáið þið Björgunarsveit Hafnarfjarðar fyrir ykkur eftir önnur tíu ár?

Grettir: Stærri og sterkari og ennþá betri... Í nýju húsi! **Arnar:** Já er það ekki... framfarirnar halda áfram, búnaðurinn verður betri og þekkingin meiri. Það er bara bjart framundan. **Kolbeinn:** Já ég

vona að þekkingin og reynslan haldist innan sveitarinnar og að félagarnir geti haldið áfram að starfa samhliða vinnu og fjölskyldu. **Grettir:** Miðað við fjöldann af nýliðum á undanförunum árum þá hljótum við að verða bara alveg risastór á næstunni. **Kolbeinn:** Við höfum allavega miklar væntingar til þeirra sem koma á eftir okkur. **Grettir:** Jafnvel þó enginn geti fetað í fótspor okkar hvað varðar gáfur og hæfileika! **Asgeir:** Lykillinn að velferð sveitarinnar byggist á nýliðunum og þeim eldri og vitrari... að þeir eldri hafi hemil á okkur yngri mönnum og þetta haldist allt í hendur.

Er eitthvað sem þið viljið segja að lokum?

Grettir: Þið vitið hvar þið eigið að kaupa jólatré og flugelda! **Kolbeinn:** Og ef einhver hefur áhuga á ferðamennsku og útivist og að hjálpa fólki þá endilega komið og gangið til liðs við okkur. **Arnar:** Fólk þarf ekkert að vera sautján ára, fólk á öllum aldri er velkomið!

FRAMTAK

BLOSSI ehf

Spissar, glóðarkerti og annar búnaður fyrir eldsneytiskerfi dieselvéla

Eldsneytissíur og síuhús

Miðstöðvar

Dieselstillingar – Viðgerðir

Vesturhraun 1-210 Garðabæ Sími 535 5850 - www.framtak.is

Útköll síðustu 10 ár!

Stiklað á stóru í útkallssögu Björgunarsveitar Hafnarfjarðar

2010

Mynd: Pálmi Mátsson



Útkall F1 Rauður – Mæðgin í sprungu á Langjökli
Undanfarar fóru með þyrlu Landhelgisgæslunnar að sækja mæðgin sem fallið höfðu í sprungu á vestanverðum Langjökli.

Útkall F2 Gulur – Kona í sprungu við Helgafell

Kona féll í gegnum eins metra þykkjan snjó ofan í 4 - 6 metra djúpa hraunsprungu milli Húsfells og Valahnúka. Undanfarar náðu konunni upp sem var nokkuð marin og skrámuð en óbrotin.

Mynd: Vilhelm Gunnarsson



2009



Útkall F1 Rauður – Slys í Skessuhorni á Skarðsheiði

Kona féll við fjallgöngu í um 800m hæð. Aðstæður voru mjög erfiðar á slyssað, en björgunarfólki tókst að koma konunni á börur og koma henni niður.

Útkall F2 Gulur – Leit að konu

Leitað var í þremur lotum að Aldísi Westergren á höfuðborgarsvæðinu. Björgunarmenn leituðu í þrjár og hálfu viku áður en hún fannst látin í Langavatni, rétt austan við Grafarvog í Reykjavík.



2008

Mynd: Vilhelm Gunnarsson



Sporhundaútkall

Sporhundahópur fór og aðstoðaði hóp sem var í hálendisgæslu í Landmannalaugum við leit að hollenskum ferðamanni. Maðurinn fannst eftir 9 tíma leit, kaldur en heill á húfi.

Útkall F2 Gulur – Leit í Melagerði/Grundagerði

Leitað að unglingum í Bústaðahverfinu og Skeifunni eftir að gaskútur sprakk í skúr við Grundagerði. Sex unglingar slösuðust í sprengingunni en mikil hræðsla greip um sig í hópnum sem tvístraðist um hverfið.



2007



Útkall F1 Rauður – Maður féll í Laxárgljúfur

Undanfarar fóru að sækja mann sem fallið hafði í Laxárgljúfur. Þeir sigu niður til hans, bjuggu um hann á börum og báru upp að stað þar sem þyrla LHG gat híft manninn upp.

Þyrla í sjóinn

TF-SIF, þyrla LHG, nauðlenti í sjónum við Straumsvík á æfingu með BSH. Áhöfninni var bjargað um borð í björgunarskipið Einar Sigurjónsson áður en þyrlan valt og slasaðist enginn.



2006



Útkall F2 Gulur – Leit að manni á Langjökli

Leitað að vélsleðamanni á Langjökli sem varð viðskila við ferðafélaga sína. Maðurinn brást hárrétt við, hélt kyrru fyrir við sleðann þar sem hann fannst kaldur og blautur en heill á húfi.

Útkall F1 Rauður – Flutningaskipið Wilson Muuga strandaði fyrir utan Sandgerði.

Danska varðskipið Triton var fyrst á staðinn og sendi sjö sjóliða á léttabát út í Wilson Muuga, léttabáturinn bilaði á leiðinni og valt í briminu. TF-LIF þyrla LHG náði að bjarga sex þeirra úr sjónum. Sjó- og landflokkur tóku þátt í leit að sjöunda sjóliðanum og fannst hann í öldurótinu þar sem þyrlan sótti hann. Sveitin aðstoðaði svo við að koma dælum út í Wilson Muuga með fluglínutækjum.



Mynd: Vilhelm Gummarsson

2005



Ekki boðað – Vélsleðamaður fram af hengju

Meðlimir BSH voru í vetrarferð á Mýrdalsjökli þegar þeir hittu hóp vélsleðamanna sem hafði tapað sjónum af einum félaganum sínum. Það var farið að leita og fannst maðurinn sem hafði fallið niður í gil norðan við Strút. Maðurinn var settur inn í snjóbil og hlúð að honum þar til þyrla LHG kom og sótti hann.

Útkall F1 Rauður – Bátur sekkur á Viðeyjarsundi

Skemmtibáturinn Harpa strandar og sekkur á Viðeyjarsundi með fimm manns um borð. Fjórir bátsverjar fundust um borð, þar af einn látinn. Leitinn að fimmta bátsverjanum tók átta daga, þar sem notast var við báta, þyrlu og kafara.



2004



Útkall F1 Rauður – Bruni í Hringrás

Eldur í dekkjahnúgu hjá Hringrás, biksvartur reykur og mikill fnykur á svæðinu. Sveitin hjálpaði til við lokanir á götum og voru sveitarmeðlimir mjög vígalegir að sjá með gasgrímur frá hernum.

Útkall F2 Gulur – Leit að Sri Rhamawati

Tókum þátt í skipulagðri leit að Sri Rhamawati bæði á landi og sjó. Sjóflokkur og kafarar leituðu á sunnanverðu Kjalarnesi. Hún fannst svo mánuði síðar í hraunsprungu utan við Hafnarfjörð.



Mynd: Guðni Gíslason

2003



Útkall F2 Gulur – Fótbrottinn maður í Helgafelli
Sveitin var kölluð út til að sækja fótbrottinn mann í hliðar Helgafells. Setja þurfti manninn á sjúkrahörun og bera hann niður þar sem að sjúkrahvill beið eftir honum.

Kafaraútkall - Seyðisfirði

Sjö kafarar sveitarinnar fóru ásamt köfurnum frá Bjsv. Ársæli til Seyðisfjarðar til að leita að manni sem saknað hafði verið í tæpa viku. Leit hófst snemma á laugardegi og fannst maðurinn í höfninni skömmu eftir að köfunaraðgerðir hófust. Yfir 70 manns frá björgunarsveitum tóku þátt í aðgerðinni ásamt köfurnum fyrir austan.



2002



Útkall F2 Gulur – Óveður á höfuðborgarsvæðinu
Annar febrúar sinnti sveitin ásamt öðrum sveitum á höfuðborgarsvæðinu 53 óveðursútköllum. Flest voru vegna þakplatna og lausamuna sem fuku útum allt en auk þess vegna fellihýsa og auglýsingaskilta.

Útkall F2 Gulur – Leit að ítölskum ferðamanni

Sveitin tók þátt í leit að ítalska ferðamanninum David Paita sem stóð yfir í 10 daga. Hann sást síðast í Grenivík í Eyjafirði, leitað var frá Eyjafirði yfir í Skjálfandaflóa en hann hefur enn ekki fundist.



2001



Útkall F1 Rauður – Maður í sprungu á Gígjökli
Undanfarar fóru á Gígjökull þar sem að maður hafði fallið 40 metra niður í sprungu. Sigið var niður að mannum en hann var látinn þegar að honum var komið. Var hann settur í börur og borinn niður af jöklinum.

Útkall F1 Rauður – Kona verður fyrir grjóthruni

Sveitin var kölluð út vegna hóps sem lent hafði í grjóthruni í Glymsgili. Tvennt hafði slasast, maður með fimmfalt fótbrott sem var hjálpað út úr gilinu af ferðafélögum og kona sem hlaut mjög slæmt fótbrott og missti löppina við ökkla. Hún var sett á börur og borin út úr gilinu.



2000



Útkall F2 Gulur – Leit að manni
Sveitin tók þátt í leitinni að Einari Erni sem stóð yfir í rúma viku og náði yfir stærstan hluta Reykjaness. Fljótlega vaknaði grunur um að hvarf Einars Arnar hefði borið að með saknæmum hætti. Leit var hætt sex dögum eftir hvarf hans þegar ljóst var að um sakamál væri að ræða.

Útkall F2 Gulur – Fastir bílar í Þrengslunum

Fyrsta útkall sameinaðar sveitar. Heklugos hófst 26. febrúar um það leiti sem maturinn var borinn á borð á sameiningarballi Hjálparsveitar Skáta í Hafnarfirði og Björgunarsveitarinnar Fiskakletts. Var mikill straumur fólks austur fyrir fjall daginn eftir að skoða eldgosið. Um kvöldið gerði vonskuveður, Hellisheiðinni var lokað og hundruð bila sátu fastir.



Útköll á árinu 2010

3. jan	Gulur	Björgun úr hraunsprungu í Heiðmörk	aðstoð á landi
12. jan	Gulur	Jarðskjálfti á Haíti	náttúruhamfarir
14. jan	Gulur	Neyðarblys í Hafnarfjarðarhöfn	leit á hafsvæði
21. jan	Grænn	Óveður á höfuðborgarsvæðinu	aðstoð á landi
22. jan	Gulur	Leit í Hvalfirði	leit að týndri persónu
25. jan	Gulur	Óveður á höfuðborgarsvæðinu	aðstoð á landi
30. jan	Rauður	Fólk í sprungu á Langjökli	björgun
31. jan	Gulur	Leit í Reykjavík	leit að týndri persónu
7. feb	Gulur	Leit í Reykjanesbæ	leit að týndri persónu
14. feb	Gulur	Leit að fólki á Langjökli	leit að týndri persónu
14. feb	Rauður	Bátur í vandræðum fyrir utan Álftanes	aðstoð á hafi
14. feb	Rauður	Trilla að sökkva fyrir utan Hafnarfjörð	björgun
15. feb	Gulur	Leit í Reykjavík	leit að týndri persónu
20. feb	Gulur	Slasaður maður í norðanverðri Esju	björgun
25. feb	Grænn	Aðstoð vegna ófærðar	aðstoð á landi
26. feb	Gulur	Leit í Reykjavík	leit að týndri persónu
2. mars	Gulur	Kona í sprungu við Helgafell	björgun
5. mars	Gulur	Leit að manni í Hveragerði	leit að týndri persónu
7. mars	Gulur	Leit að bát fyrir utan Reykjavík	aðstoð á hafi
14. mars	Gulur	Leit í Kópavogi	leit að týndri persónu
18. mars	Gulur	Bátur í vandræðum við Kópavogshöfn	aðstoð á hafi
19. mars	Gulur	Leit í Reykjavík	leit að týndri persónu
21. mars	Rauður	Eldgos í Eyjafjallajökli	náttúruhamfarir
23. mars	Gulur	Athuga með rekald úti fyrir Hvaleyrri	aðstoð á hafi
26. mars	Grænn	Gæsla á Fimmvörðuhálsi og í Þórsmörk	náttúruhamfarir
3. apríl	Gulur	Slösuð kona á Morinsheiði	björgun
6. apríl	Gulur	Leit í Reykjavík	leit að týndri persónu
7. apríl	Gulur	Leit á Snæfellsnesi	leit að týndri persónu
7. apríl	Gulur	Leit í Esju	leit að týndri persónu
10. apríl	Gulur	Leit í Reykjavík	leit að týndri persónu
11. apríl	Rauður	Slys í Grímmansfelli	björgun
13. apríl	Gulur	Flugvél með eiturgufur	annað
17. apríl	Gulur	Slasaður maður í Esjuhlíðum	björgun
17. apríl	Gulur	Týndur maður frá Esjumelum	leit að týndri persónu
1. maí	Gulur	Slys við Miðfellstind	björgun
6. maí	Gulur	Leit í Reykjavík	leit að týndri persónu
7. maí	Grænn	Öskufall í Skaftárhreppi	náttúruhamfarir
10. maí	Gulur	Vélarvana bátur	aðstoð á hafi
11. maí	Gulur	Leki að bát NV af Gróttu	aðstoð á hafi
16. maí	Rauður	Slys í Esju	björgun
16. maí	Rauður	Vélarvana bátur við Hafnarfjarðarhöfn	aðstoð á hafi
22. maí	Gulur	Slasaður maður í Vífilfelli	björgun
9. júní	Rauður	Maður hrapar í Látrabjargi	björgun
10. júní	Gulur	Leit að manni í Landbroti	leit að týndri persónu
17. júní	Gulur	Fótbrot í Esju	björgun
19. júní	Rauður	Kafari í vandræðum í Silfru	björgun
4. júlí	Gulur	Leit á Fimmvörðuhálsi	leit að týndri persónu
10. júlí	Gulur	Leit í Reykjavík	leit að týndri persónu
22. júlí	Gulur	Kona datt af hestbaki	björgun
23. júlí	Rauður	Sækja veikan mann á haf út	aðstoð á hafi
24. júlí	Gulur	Leit á Fellsströnd	leit að týndri persónu
3. ágúst	Gulur	Leit í Borgarnesi	leit að týndri persónu
9. ágúst	Gulur	Vélarvana bátur í Hvalfirði	aðstoð á hafi
9. ágúst	Rauður	Eldur í bát undan Kjalanesi	aðstoð á hafi
12. ágúst	Grænn	Leit í Borgarnesi	leit að týndri persónu
17. ágúst	Rauður	Kona slösuð við Miklafell	björgun
28. ágúst	Rauður	Tveir menn í sjónum við Rvk. höfn	leit að týndri persónu
9. sept	Gulur	Leit í Reykjavík	leit að týndri persónu
18. sept	Gulur	Leit í Hafnarfirði	leit að týndri persónu
1. okt	Gulur	Leit í Reykjavík	leit að týndri persónu
16. okt	Gulur	Leit í Reykjavík	leit að týndri persónu
13. nóv	Gulur	Leit í Reykjavík	leit að týndri persónu
5. des	Gulur	Leit í Reykjavík	leit að týndri persónu
10. des	Gulur	Hættustig stórt Keflavíkflugvöllur	annað

Samtals 64 útköll á árinu

Hamfarir á Haiti



Íslenska alþjóðasveitin fyrst á staðinn! - Gísli Ólafsson fjallar um atburðarásina á Haiti.

Að kvöldi 12. janúar síðastliðnum, um það leyti sem flestir Hafnfirðingar voru að ganga til rekkju, fengu liðsmenn Björgunarsveitar Hafnarfjarðar, sem eru í Íslensku Alþjóðabjörgunarsveitinni boð þess efnis að jarðskjálfti upp á 7,3 á richter hefði riðið yfir Haiti. Flestir þeirra voru meðvitaðir um það að á Haiti hefur ríkt mikil fátækt og að oft er talað um það sem fátækasta ríkið á norðurhveli jarðar. Við nánari athugun kom einnig í ljós að upptök jarðskjálftans voru mjög nærri höfuðborg landsins Port-au-Prince en þar búa yfir 2 milljónir manna við lélegar aðstæður. Það var því strax ljóst að afleiðingar jarðskjálftans voru miklar.

Fjarskiptahópur BSH frá 2007

Íslenska Alþjóðasveitin hefur starfað innan vébanda Slysavarnafélagsins Landsbjargar frá árinu 1999 og hefur á að skipa einvalaliði björgunarsveitamanna sem sérhæfa sig í rústabjörgun á alþjóðlegum vettvangi. Sveitin hefur áður farið í útköll til Tyrklands, Alsír og Marakkó auk þess að taka þátt í sjúkraflugi til Tælands eftir flóðbylgjuna miklu árið 2004. Björgunarsveit Hafnarfjarðar hefur átt aðkomu að sveitinni síðan árið 2007 og sér um öll fjarskipta- og tæknimál á vettvangi. Í Björgunarsveit Hafnarfjarðar er þessi fjarskiptahópur síðan einnig notaður í útköll innanlands þegar þörf er á að bæta fjarskipti á vettvangi. Hópurinn hefur gengt veigamiklu hlutverki, meðal annars eftir Suðurlandsskjálftann árið 2007 og í stórum leitaraðgerðum á undanförunum árum. Meðlimir í Björgunarsveit Hafnarfjarðar hafa einnig gengt öðrum hlutverkum innan Íslensku Alþjóðasveitarinnar, t.d. sem stjórnendur sveitarinnar og sem þátttakendur í svokölluðum stjórnstöðvarhóp en hann skipa reyndir aðgerðastjórnendur úr svæðisstjórnnum björgunarsveita og er hlutverk þeirra að aðstoða Sameinuðu Þjóðirnar við samhæfingu hjálparstarfs á vettvangi.

Um leið og ljóst var hversu alvarlegur jarðskjálftinn á Haiti var, þá var strax haft samband við Utanríkisráðuneytið, en Íslenska Alþjóðasveitin fer á þeirra vegum og á þeirra kostnað í útköll erlendis. Á sama tíma var kannað hvort að flugvélar væru til hér á landi til þess að flytja sveitina á vettvang. Í ljós kom að Ícelandair átti tvær flugvélar út á Keflavíkurflugvelli sem hentuðu til ferð-

arinnar. Utanríkisráðuneytið var fljótt að taka ákvörðun um að bjóða sveitina fram og þá hófst undirbúningur á fullu við að gera sveitina klára til brottfarar. Í leikreglum alþjóðasamfélagsins er það þannig að skaðaland verður að þiggja boð um aðstoð áður en sveit getur haldið af stað til skaðalandsins. Fulltrúum utanríkisráðuneytisins tókst að ná í fulltrúa stjórnvalda á Haiti, en á þeim tíma lágu öll bein samskipti við landið niðri, sem þáði boð íslenskra stjórnvalda og var sveitin þá formlega á leið í útkall.

Að morgni 13. janúar, rétt fyrir klukkan ellefu að íslenskum tíma, tók Askja, þota Ícelandair á loft frá Keflavíkurflugvelli með 33 björgunarsveitarmenn og kvikmyndatökumann innanborðs. Meðal þeirra voru þrír félagar úr fjarskiptahópi Björgunarsveitar Hafnarfjarðar, þeir Lárus Steindór Björnsson, Sigurður Guðjónsson og Bragi Reynisson. Auk þeirra voru tveir aðrir meðlimir Björgunarsveitar Hafnarfjarðar með í för, þeir Hjálmar Örn Guðmarsson sem er í stjórnstöðvarhóp sveitarinnar og Gísli Rafn Ólafsson sesm var stjórnandi sveitarinnar í útkallinu. Ferðinni var fyrst heitið til Boston þar sem vélin var fyllt með eldsneyti og á meðan kom kanadískur fulltrúi úr neyðarsveit Sameinuð þjóðanna um borð og fékk að fljóta með til Haiti.

Fyrst alþjóðlegra björgunarsveita á vettvangi!

Rétt fyrir klukkan fjögur að staðartíma á Haiti þann 13. janúar lenti síðan Íslenska Alþjóðasveitin á flugvellingum í Haiti fyrst alþjóðlegra björgunarsveita. Strax var hafist handa við að afferma hinn mikla búnað sveitarinnar, en alls fer sveitin með rúmlega sjö tonn af búnaði og sjö tonn af mat og vatni í útköll. Ekki voru nein tæki til aðstoðar við að afferma, heldur sáu meðlimir sveitarinnar um að tæma vélina með handafli. Þar sem sveitin var fyrst á vettvang tókst að útvega henni fjóra vörubíla með aðstoð fulltrúa Almannaþingarinnar í Haiti. Þessir vörubílar áttu eftir að reynast góðir allt útkallið því skortur á flutningstækjum var það sem háði alþjóðlegum björgunarsveitum helst og því þurftu sveitir oft að bíða langtímum saman eftir flutningi innan skaðasvæðisins.

Það var farið á rökkva þegar sveitin hélt inn í höfuðborgina, Port-au-Prince og hóf leit að stað til að setja upp búðir og stjórnstöð hjálparstarfins. Það var vægast sagt skelfileg sjón sem félagar sveitarinnar upplifðu þetta fyrsta kvöld á Haiti. Alls staðar sem ekið var mátti



Mynd: BSH / Bragi Reynisson

Löng biðröð í matarúthlutun

sjá hrugin eða skemmd hús. Hundruðir þúsunda manna höfðust við á götum úti af hræðslu við eftirskjálfta og sökum þess að þeir áttu ekki lengur neitt þak yfir höfuðið. Á gangstéttum og götuhornum lágu lík á við og dreif innan um fólksfjöldann. Á stöku stað var hafin vinna við að safna saman líkum og setja þau á vörubílspalla. Þetta var sjón sem aldrei gleymist þeim sem þarna fóru.

Það var ljóst að hvergi í borginni var neitt svæði að finna sem var nothæft til að setja upp búðir því á öllum óbyggðum svæðum var fólk búð að koma sér fyrir. Þar sem sveitina skorti einnig eldsneyti til að hefja störf, en ekki má taka eldsneyti með sér í flugvélar, þá var ákveðið að halda aftur inn á flugvöllinn og hvílast þar í tvær klukkustundir og finna eldsneyti áður en haldið yrði af stað aftur inn í borgina að leita að fólki í rústunum.

Eldsnefma næsta morgun tókst sveitarmeðlimum að finna eldsneyti á flugvellingum og fór þá hluti sveitarinnar aftur inn í borgina í verkefni sem almannaþingir landsins höfðu úthlutað



Gísli Ólafsson, stjórnandi Íslensku alþjóðasveitarinnar



á meðan fór hinn hlutinn í að slá upp búðum á stórum grasbletti við hlið flugbrautarinnar. Þessi grasblettur átti síðar eftir að hýsa yfir 1800 björgunar-sveitarmenn sem komu frá ýmsum löndum til að aðstoða á Haiti.

Premur bjargað á lífi í fyrsta verkefni

Þegar rústabjörgunarhópur sveitarinnar fór í verkefnið þennan morgun kom betur í ljós hversu skelfileg eyðileggingin í borginni var. Þegar sveitin keyrði í gegnum borgina í björtu mátti á skýrari hátt sjá að nær allar byggingar í borginni höfðu annað hvort hrunið eða skemmt á einhvern hátt. Verkefni sveitarinnar þennan daginn var að fara í stórmarkað sem vitað var að yfir 50 manns höfðu að öllum líkindum látist en einnig að minnsta kosti þrír væru á lífi þar sem það heyrðist í þeim kalla úr rústunum.

Strax og sveitin kom á vettvang var farið í að reyna að bjarga tveimur konum sem höfðu verið við búðarkassana þegar jarðskjálftinn reið yfir. Ekki leið meira enn hálf tími þangað til báðar konurnar voru lausar úr rústunum ómeiddar. Björgunin var mikil vítamínsprauta fyrir alla sveitina. En starfinu á vettvangi var hvergi nærri lokið því að það heyrðist í einni konu í viðbót sem var föst lengra inni í rústunum. Á meðan leitað var að henni kom hópur frá sjónvarpsstöðinni CNN á vettvang og fylgst var með starfi sveitarinnar við að finna konuna. Eftir langa og stranga vinnu við að finna hana og síðan brjóta leið til hennar þá var sú björgun sýnd í beinni útsendingu um allan heim. Hróður íslensku sveitarinnar barst víða og fylgdust fréttamenn alls staðar að úr heiminum náði með sveitinni allan þann tíma sem eftir var útkallsins.

Eftir langa og stranga vinnu þennan fyrsta dag kom sveitin þreytt en ánægð heim í búðirnar á flugvöllinum og var tilbúin til að halda áfram starfinu næsta morgun eftir stutta hvíld um nóttina.



Mynd: BSH / Bragi Reynisson

Alþjóðasveitinni vísað til vegar í bænum Leogane.

Næstu dagar einkenndust af því að sveitin fór um borgina og leitaði í hrundum húsum að einhverjum merkjum þess að fólk væri á lífi en miður var það aðeins eyðilegging og látið fólk sem þar var að finna.

Á fimmta degi útkallsins fór sveitin til bæjarins Leogane sem var næstur upp-tökum skjálftans. Sveitin fór þangað ásamt breskri rústabjörgunarsveit og voru þær fyrsta aðstoðin sem barst íbúum Leogane, en því miður var sama sagan þar og undanfarna daga, mikil eyðilegging blasti við sveitarmeðlimum og hvergi fannst neinn á lífi. En á móti kom að mikið var um slasaða á svæðinu og afhenti sveitin því læknum á svæðinu stóran hluta sjúkragagna sveitarinnar ásamt því að koma upplýsingum til stjórnstöðvar Sameinuðu Þjóðanna um ástandið í bænum, svo að þeir gætu sent á vettvang sjúkrateymi og frekari aðstoð.

Síðasta daginn áður en haldið var heim á leið bauðst sveitin til að fara í erfitt verkefni sem var að fara í rústir hótels sem hjálparstarfsfólk og fjölskyldur þeirra höfðu búið í. Félagar í sveitinni lýstu því yfir að þeir teldu það skyldu sína að taka þátt í að finna líkamsleifar annarra hjálparstarfsmanna, enda vissu

þeir að fjölskyldur þeirra sjálfrá myndu vilja fá upplýsingar um afdrif þeirra ef eitthvað svipað hefði komið fyrir. Það var því tilfinningaþrunginn síðasti dagurinn á Haiti en jafnframt mjög gefandi. Allir unnu hörðum höndum fram á nótt því að allir vildu leggja hönd á plóg áður en haldið yrði heim á leið næsta dag.

Veitti mikla reynslu og þekkingu sem nýtist vel í starfinu hér heima

Í þessu útkalli reyndi á alla þá þekkingu, æfingar og reynslu sem björgunarsveitarfólk á Íslandi fær við erfiðar aðstæður. Alls staðar þar sem Íslenska Alþjóðasveitin fór fékk hún mikið lof fyrir fagmannlegt og gott starf. Útkallið til Haiti sýndi fram á þann mikla styrk sem þessir hópar sjálfbóðaliða hafa hér á landi og í framhaldi af útkallinu hafa meðlimir sveitarinnar verið beðnir um að aðstoða við uppbyggingu slíks starfs á erlendri grund. Að sama skapi veitir útkall eins og þetta mikla reynslu og þekkingu sem nýtist vel í starfi hér heima og gerir það að verkum að við erum tilbúnari að takast á við stærri og erfiðari verkefni en áður.

Mynd: BSH / Bragi Reynisson



Félagar ÍA að afferma flugvélinu sem sótti sveitina svo þeir geti komið sínum búnaði fyrir.

Mynd: BSH / Lárus Steindór Björnsson



Félagar Björgunarsveitar Hafnarfjarðar. Frá vinstri: Sigurður Guðjónsson, Hjálmar Örn Guðmarsson, Bragi Reynisson, Gísli Rafn Ólafsson og Lárus Steindór Björnsson.

Björgunarsveit Hafnarfjarðar þakkar eftirfarandi fyrirtækjum fyrir veittan stuðning á árinu sem er að líða



Leikandi lausnir

Microsoft

EJS | HLUTI AF SKÝRR



www.spori.is

**Við óskum
Hafnfirðingum
gleðilegra jóla og
farsældar á nýju ári!**

**Gleðilega hátíð
og takk fyrir viðskiptin á árinu**

Nú líður að áramótum og lokum skoðunarársins. Því er ráð fyrir þá sem eiga eftir að láta skoða ökutækið að gera það sem fyrst.



Skoðunarstöðvar:

Reykjavík
Skeifunni 5
Sími 590 6930

Hafnarfjörður
Hjallahrauni 4
(við Helluhraun)
Sími 590 6900

Kópavogur
Skemmuvegi 6
(bleik gata)
Sími 590 6935

www.adalskodun.is

Aðalskoðun

Svipmyndir úr starfi sveitarinnar

Mynd: BSH / Órvar Atli Þorgeirsson



Frá Björgunarleikum árið 2007.

Mynd: BSH / Þórólfur Kristjánsson



Andri Rafn aðstoðar Elízu við að komast upp á brúnina á Björgunarleikum Landsbjargar árið 2009

Mynd: BSH / Arnar Þór Ásgrímsson




Leitarkafari að störfum

Mynd: Guðni Gíslason



Hressir björgunarmenn við æfingar á björgunarbátum Fiskakletti

Mynd: Úr safni: BSH



Línubrú yfir Gullfoss

Mynd: BSH / Þórólfur Kristjánsson



Brynjar Örn að klifra

Mynd: BSH / Júlíus Þór Gunnarsson



Spori 2 rétt hjá skálanum Strút

Mynd: BSH / Órvar Atli Þorgeirsson



Bergur með sporhundinn Pílu

Við þökkum eftirtöldum fyrirtækjum veittan stuðning!

Ísbúð
VESTURBÆJAR
Fjarðargata 19 H



e **ENDURVINNSLAN HF**
Skilum hreinu-tándi!

netOrka

SIGGA & TIMO
GULLSMÍÐI

Landsbankinn

NESSKIP

BJÖRGUN

KORTA ÞJÓNUSTAN

Stálskip ehf.

Hamraborg ehf.



Árangur okkar allra

Álverið í Straumsvík hlaut nýverið öryggisviðurkenningu Tom Albanese, aðalforstjóra Rio Tinto, fyrir framúrskarandi árangur í öryggismálum á undanliðnum tveimur árum.

Aðeins tvær starfsstöðvar Rio Tinto fengu slíka viðurkenningu, en Rio Tinto er í hópi stærstu fyrirtækja heims með yfir 100 þúsund starfsmenn, einkum í Norður-Ameríku, Evrópu og Ástralíu.

Viðurkenningin er því mikill heiður fyrir starfsfólk álversins. Fyrst og fremst er hún þó til marks um ríkan metnað allra sem starfa fyrir álverið til að ná framúrskarandi árangri. Það gildir ekki aðeins um öryggismál heldur alla þætti rekstrarins.

Megi viðurkenningin verða okkur hvatning til að halda áfram á sömu braut.

Rio Tinto Alcan

Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður

Sími 560 7000

www.riotintoalcan.is

Rio Tinto Alcan